

**Fundargerð nr. 17****Íþróttta- æskulýðs- og menningarnefnd Flóahrepps**

|                      |                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                 |
|----------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Fundarstaður:</b> | Þingborg                                                                                                                                                                                                                                                                                                                        |
| <b>Fundardagur:</b>  | Mánudagur 22.09.25                                                                                                                                                                                                                                                                                                              |
| <b>Fundartími:</b>   | 19:30-22.00                                                                                                                                                                                                                                                                                                                     |
| <b>Fundarmenn:</b>   | Sigrún Hrefna Arnardóttir formaður<br>Rúnar Magnússon aðalmaður<br>Harpa Magnúsdóttir aðalmaður<br>Hafdís Gígja Björnsdóttir varamaður<br>Sigurður Ingi Sigurðsson aðalmaður<br>Guðmunda Bríet Steindórsdóttir frá æskulýðsnefnd<br>Halla Kjartansdóttir frá 60+<br>Berglind Björk Guðnadóttir vegna aðventuhátíðar Flóahrepps. |

*Sigrún Hrefna Arnardóttir stýrði fundi. Harpa Magnúsdóttir ritaði fundargerð.*

1. Rætt um 60+, dagsetningar fram að áramótum, og rætt um hugmyndir að uppbroti og haustferð, ákveðið að taka ákvörðun um stað á miðvikudaginn, í næsta hitting. Og ákveðið að athuga með kvenfélögin vegna styrks fyrir rútú. Íþróttta-, æskulýðs- og menningarnefnd leggur til að Flóahreppur kaupi tæki og tól í samráði við íþróttakennara Flóaskóla sem henta til notkunar fyrir eldri borgara hreppsins og hafi fastan vikulegan opnunartíma í Þingborg fyrir eldri borgara, þeim að kostnaðarlausu, eftir áramót þegar Þingborg verður tilbúin.
2. Umræður um Aðventuhátíð Flóahrepps, ákveðið að bóka Félagslund til öryggis, dagsetning verður 4. Desember. Rætt um dagskrá, uppsetningu og atriði sem verða í boði. Rætt um hvernig eigi að auglýsa viðburðin. Óskað eftir tilboðum í tækniþjónustu. Búið er að finna kynni.
3. Berglind og Sigrún Hrefna vinna umsókn um styrk hjá SASS.
4. Ungmennaráð ætla að hafa opin hús fyrir ungmennin í sveitarfélaginu, miðað er við að fólkið sem mæti sé komið í framhaldsskóla og uppí 25 ára.
5. Félagsmiðstöðvar opnun fyrir miðstig, nýjung.
6. Íþróttta-, æskulýðs- og menningarnefnd hvetur Flóahrepp til þess gefa Ungmennafélaginu Þjótanda afmælisgjöf, en ungmennafélagið á 10 ára afmæli þann 16. Nóvember 2025. Ungmennafélagið hefur verið ötult við að styðja við bakið á íþróttta, æskulýðs og menningarstarfi í sveitarfélaginu og hyggur á að halda uppá afmælið í nóvember.



7. Íþróttta-, æskulýðs- og menningarnefnd lýsir ánægju sinni yfir bókun sveitarstjórnar varðandi íþróttaskóla fyrir leikskólabörn.
8. Fjör í Flóa 2026. Sveitarstjórnarkosningar verða 16. Maí 2026. Fjör í Flóa verður þá helgi.
9. Önnur mál.